

020/01 - Árni Jónsson BA 14

Árni Jónsson BA-14, skipverji slasast við vinnu við vírastýri á togvindu

Árni Jónsson BA 14

Skipaskr.nr.: 1423

Smíðaður: Hafnarfirði 1975 eik

Stærð: 22,39 brl; 18,00 bt

Lengd: 15,24 m **Breidd:** 4,12 m **Dýpt:** 1,80 m

Vél: Volvo Penta 173,00 kW **Árgerð:** 1985

Annað:

Földi skipverja: 3

Atvikalýsing

Hinn 24. september 1999 var m.b. Árni Jónsson BA-14 við bryggju á Patreksfirði. Veður: NV - gola.

Skipverjar unnu við að laga vírastýri togvindu. Lokið var við að losa festingarnar á vírastýrinu við tog vinduna og átti að hífa það rólega frá og taka slakann af keðjunni sem fest var í vírastýrið. Einn skipverja hugðist styðja við vírastýrið þegar því yrði lyft frá vindunni. Þegar hift var í var krafturinn meiri en beðið hafði verið um og við það kom sláttur á vírastýrið þegar það losnaði. Slóst vírastýrið í skipverjann og féll hann á þilfarið.

Ekki var talið að skipverjinn hefði orðið fyrir alvarlegum meiðslum og fór hann ekki til læknis fyrr en einhverjum dögum síðar. Rannsókn málsins fór ekki fram strax þar sem ekki var talið að um alvarleg meiðsli væri að ræða.

Við rannsókn kom fram

- að hinn slasaði sagði til um hífingu, auk þess að styðja við vírastýrið;
- að sá sem stjórnaði krananum, sagði að þegar hann hífði hafði kraninn tekið mjög snöggt við sér og að hífingin því orðið sneggri en hún átti að vera;
- að óljóst er hvaða reynslu stjórnandi vindunnar hafði í að stjórna vindunni;
- að kraninn (bómuendinn), sem notaður var til að lyfta vírastýrinu upp var ekki rétt staðsettur miðað við átakið.

Nefndarálit

Nefndin telur orsök atviksins vera óaðgæslu við hífingu.